

# ISLAM

## *Hvað þýðir Islam?*

Islam kallast þau lög, sem spámaðurinn Mohammad tók á móti sem opinberun um 23 ára skeið, og eru lög þessi fullkomin sem endanlegur trúarlegur grundvöllur. Mohammad var uppi frá 570 til 632 eftir okkar tímatali. Trúarbrögðin hafa öðlzt heitið Islam í Kóraninum, sem geymir allar opinberanir Mohammads spámanns. Engu hefur verið bætt við, breytt ellegar sleppt í þessu Guðs orði. Þannig er Islam sérstaklega heiti á trúarbrögðum Mohammads, en samkvæmt Kóraninum kallast trúarbrögð allra fyrri spámanna einnig Islam, því að trúarlegur boðskapur er sameiginlegur öllum opinberunum.

Islam er arabískt orð, sem táknar 1. undirgefni undir Guðs vilja, sem opinberaður hefur verið, og 2. leiðina til friðar, samhygðar, einingar og heilbrigði. Þannig skýrir sjálfst nafnið bæði leiðina og markmið: með því að við gefum okkur undir lög Guðs, leitumst við eftir að öðlast frið í Guði og að stofna til friðar og samhygðar manna á meðal og að stuðla að heilbrigðri þróun bæði einstaklinga og þjóðfélags.

## *Hvað er Ahmadiyya-hreyfingin?*

Ahmadiyya-hreyfing Islams er starfsemi til trúarlegra endurbóta, sem *Mirza Ghulam Ahmed* hóf árið 1889, en hann var uppi frá 1835 til 1908. Hann sagðist vera spámaður sá, sem fyrirheitið var og bæði moslemar og kristnir hefðu verið að bíða eftir. Mirza Ghulam Ahmad flutti þá kenningu, að Jesús hefði verið festur við krossinn, en hefði dvalið þar aðeins fáeina klukkutíma og hefði því komist lífs af. Sé þetta ekki síst að þakka umhyggju Júdasar frá Arimathæa og annarra áhrifamikilla nemenda hans. Hann (Jesús) hefði síðar flúið til austurs til þess að boða fagnaðarerindi sitt hinum týndu sauðum Ísraels, svo að úr því urði ein hjörð og einn hirðir (Jóh. 10, 16).

Jesús hlýddi þessari köllun sinni og dó háaldraður og var grafinn í Mohalla Kahn Yar í Srínagar, Kasmír. „Ikmal-ud-Din“ og „Bhavisha Maha Purana“ eru hvorttveggja rit, sem lýsa spámanninum Jus Assaf (Jesú hirðinum) þannig, að enginn vafi getur leikið á, Jesús hafi komist til Indlands. Rannsókn á grafreitnum mun færa lokasannanir fyrir dauða Jesú sem mannglegrar veru og þar með ryðja úr vegi röngum kristnum kenningum um kressfestinguna, píslardauða og upprisu. Stjórn Inlands hefur veitt nokkurt fjármagn til þess, að nefnd, sem í eru sérfræðingar frá ólíkum trúarbrögðum, rannsaki nánar gröf Jus Assafs í Srínagar.

Jesús, sem dó eðlilegum dauðdaga eins og hver önnur mannleg vera, mun ekki snúa aftur til jarðarinnar – þetta er kenning Mirza Ghulam Ahmad. Jesús sjálfur hafði lýst yfir, að Jóhannes skírari væri hinn endurkomni Elías, sem koma mundi á undan Messíasi Gyðinganna. Því hefði Jesús þá ekki getað átt við með eigin endurkomu, að annar skuli koma fram „í anda hans og dýrð“. Hefði Jesús átt við, að hann sjálfur mundi koma aftur, þá hefðu gyðingar haft fullan rétt á að afneita honum sem hinum fyrirheitna Messíasi, þar sem Elías hefði ekki komið aftur í eigin persónu.

Sá, sem koma átti „í anda Jesú og dýrð“, er enginn annar en Mirza Ghulam Ahmad. Spádómarnir í Matth. 24 hafa komið fram eins og spádómarnir í Kóraninum (súrta Saff og Djumu'ah). Mirza Gulam Ahmad var sá siðbótamaður, sem öll trúarbrögð höfðu búist við, og sem kom fram til að endurlífga trú allra spámanna, en hún er trú Mohammads, og að hreinsa öll trúarbrögð af rangtúlkun og misskilningi, og til að leiða trú hans til sigurs í öllum löndum.

Óskið þér nánari upplýsinga um Ahmadiyya-hreyfingu Islams, vinsamlegast snúið yður til: Islams Ahmadiyya Mission, Nasir Moskén Tolvskillingsgatan 1, 414 82 Göteborg, Tlf. 031-41 40 44.